

**A 1666/presidiet**

Flutt af:  
Flokkahópi miðjumanna

Til umfjöllunar í:  
Forsætisnefnd

Málsnúmer 15-00231-1

## Þingmannatillaga um bætt samstarf Norðurlandaráðs og Norrænu ráðherranefndarinnar

Flokkahópur miðjumanna beitti sér fyrir því að umbætur í Norðurlandaráði kæmu til framkvæmda. Að okkar mati þurfti að kveða skýrar á um starfsemi Norðurlandaráðs og gera hana markvissari og við fögnuðum því þegar umbótaferli hófst. Nú getum við slegið því föstu að starf umbótahópsins hefur ekki verið eins skipulegt eða markvisst og æskilegt hefði verið. Halda þarf umbótastarfinu áfram.

Flokkahópur miðjumanna vill leggja áherslu á að starfsemi Norðurlandaráðs fer að miklu leyti fram í samstarfi við Norrænu ráðherranefndina. Norðurlöndin fjármagna norrænt samstarf og það er ekki sérlega skilvirkt að reka tvær skrifstofur, eina fyrir Norðurlandaráð og aðra fyrir Norrænu ráðherranefndina, ef þær eiga engin samskipti sín á milli. Til að auka og efla starfið þarf að samhæfa ákveðna þætti starfseminnar. Auk þess þarf starfsemi margra þeirra stofnana, sem reknar eru fyrir norrænt fé, að vera skilvirkari og fara fram í nánara samstarfi við Norðurlandaráð.

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar um

að eiga samstarf við Norðurlandaráð um að innleiða ferli til að samhæfa ákveðna þætti starfseminnar á skrifstofunum tveimur, með bætt samstarf, þjónustu og skilvirkni fyrir augum.

Stokkhólmi, 8. október 2015

*Anders Eriksson (ÅF)*

*Arto Pirttilahti (cent)*

*Carl Haglund (sv)*

*Hanna Kosonen (cent)*

*Höskuldur Þórhallsson (F)*

*Jenis av Rana (Mfl.)*

*Johanna Karimäki (gröna)*

*Katri Kulmuni (cent)*

*Lars Tysklind (FP)*

*Morten Løkkegaard (V)*

*Penilla Gunther (KD)*

*Rigmor Andersen Eide (KrF)*

*Vigdís Hauksdóttir (F)*

*Villum Christensen (LA)*